Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1578
komudagur 21.3.2012

Nefndasvið Alþingis
B.T. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Til formanns Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis,

Tilefni bréfs þessa (Sjá tölvupóst til Mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi ásamt fylgiskjölum) er að koma á framfæri athugasemdum við **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)** (fylgiskjal 1) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.

Virðingarfyllst,

Dr. Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari, aðjúnkt við LHÍ og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík
Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor í tónmennt við HÍ og formaður rannsóknarstofu í tónlistarfræðum
Dr. Kristín Jónína Taylor, píanóleikari og prófessor við tónlistardeild Waldorf College, Iowa, Bandaríkjunum
Dr. Sigurlaug Regína Friðþjófsdóttir, grunnskólakennari í Salaskóla og Smáraskóla
Dr. Hákon Leifsson, organisti
Dr. Guðmundur Hafsteinsson, tónskáld og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík
Dr. Þórir Þórisson, tónlistarkennslufræðingur
Dr. Jón Hrólfur Sigurjónsson, tónlistarkennari
Dr. Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands

(Fylgiskjöl í tölvupóst viðhengi bréfs til Mennta- og menningarmálaráðherra):

1 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)
2 – Umsögn rektors LHÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)
3 – Music Vacancy List, 9. Mars 2012 – fréttabréf um lausar stöður við tónlistardeildir háskóla í Bandaríkjunum
4 – Útdráttur úr bréfi dr. Kristínar Jónínu Taylor, prófessor við tónlistardeild Waldorf College í Iowa (2012)
5 – „Fjarri sanni: Tónlistarskólinn í Reykjavík og háskólagráður og Listaháskóli Íslands“
birt grein e. dr. Guðmund Hafsteinsson, tónskáld (2004)
6 - „Og tónlistin tapar“ birt grein e. dr. Guðmund Hafsteinsson, tónskáld (2005)

Önnur fylgigögn í tölvupósti: staðfesting undirskrifta:

- Dr. Jón Hrólfur Sigurjónsson, tónlistarkennari
- Dr. Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands
- Staðfesting móttöku bréfs og fylgigagna: Mennta- og menningarmálaráðherra – svarbréf hóps

Afrit sent nefndarsviði Alþingis í landpósti 21. 3. 2012

Dr. Nína Margrét Grímsdóttir, LGSM, PSD, MA, DMA
Aðalþing 5
203 Kópavogur
+354 553 0416
+354 899 6413
nina@ninamargret.com
www.ninamargret.com

20. mars 2012

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Rvk.

Hæstvirtur ráðherra,

Tilefni bréfs þessa er að koma á framfæri athugasemdum við **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)** (fylgiskjal 1) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012. Enn fremur eru í því sambandi gerðar athugasemdir við umsögn rektors LHÍ um áðurnefnt frumvarp, dags. 28. 2. 2012, sem send var nefndarsviði Alþingis 29. 2. sl. (fylgiskjal 2).

Á undanförnum áratugum hefur íslensku tónlistarfólki sem lokið hefur doktorsprófi í tónlist og tónlistartengdum greinum frá háskólum í Bandaríkjunum, Kanada og Evrópu fjölgað mjög. Þessi hópur lætur sig varða stöðu, alþjóðlegt samkeppnishæfi, fyrirkomulag og framþróun tónlistarmenntunar á háskólastigi til framtíðar enda um afgerandi hagsmunamál komandi kynslóða að ræða. Þetta bréf er undirritað af hópi sérfræðinga á sviði tónlistar sem öðlast hafa æðri menntun á háskólastigi, auk margvíslegra innlendra og alþjóðlegra viðurkenninga, þ.m.t. á sviði tónlistarflutnings, tónlistarrannsókna og tónlistarkennslu.

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir alþjóðlegt samkeppnishæfi og framþróun háskólamenntunar í tónlist á Íslandi að mennta- og menningarmálaráðherra hafi haft frumkvæði að því að breyta 18. gr. laga um háskóla nr. 63/2006, til samræmis við gæðastaðla háskólastarfs og menntunar í hinum vestræna heimi enda eru þessar breytingar fyllilega til samræmis við starfsumhverfi sérfræðinga með doktorspróf á sviði tónlistar við tónlistarháskóla og háskóladeildir erlendis.

**Undirritaður hópur styður eindregið greinar 10 og 12 í frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714), þar sem endurskilgreindar eru menntunarkröfur til þeirra starfsmanna háskóla sem bera mega starfsheitin: rektor, prófessor, dósent, lektor eða sérfræðingur, sem og menntunarkröfur til þeirra sem skipa má í dómnefndir um háskólastöður.**
**Að mati undirritaðs hóps megi einungis skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi á sviði tónlistar eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar í stöður sem falla undir starfsheitin prófessor, dósent, lektor eða sérfræðingur í háskólastöður við tónlistardeildir háskóla á Íslandi**

**Þannig megi sömuleiðis einungis skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi á sviði tónlistar eða aflað sér jafngildrar þekkingar og reynslu í dómnefndir um háskólastöður við tónlistardeildir háskóla á Íslandi.**

**Undirritaður hópur varar við því að undanskilja háskólanám í tónlist á Íslandi frá ofangreindum lagabreytingum enda leiði það til þess að slíkt nám verði ekki samkeppnishæft á alþjóðavísu.**

12. gr. liður a.

Eindreginn stuðningur undirritaðs hóps er við eftirfarandi breytingu á 18. gr. laga nr. 63/2006:
2. málsl. 1. mgr. „Þeir sem bera framangreind starfsheiti skulu hafa lokið doktorsprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar“

12. gr. liður b.

Eindreginn stuðningur undirritaðs hóps er við eftirfarandi breytingu á 18. gr. laga nr. 63/2006:
1. málsl. 2. mgr. „Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi úr háskóla eða aflað sér jafngildrar þekkingar og reynslu“

Rökstuðningur:
Nauðsynlegt er að tryggja alþjóðlegt samkeppnishæfi háskólanáms í tónlist á Íslandi. Slíkt verður einungis gert með því að lögbinda akademískar kröfur um hæfisskilyrði háskólakennara til samræmis við kröfur sem gerðar eru til háskólakennara við tónlistardeildir á alþjóðavísu (fylgiskjal 3). Umsækjendur með doktorspróf á sviði tónlistar um akademískar stöður erlendis njóta forgangs umfram aðra umsækjendur (fylgiskjal 4). Það væri því ekki í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla ef þessu skilyrði væri ekki framfylgt hérlendis, enda vega atriði eins og æðri prófgráður og árangur á sviði rannsókna þungt þegar meta á gæði háskóla og þeirrar menntunar sem þeir bjóða. Að sama skapi eru grunnforsendur samkeppnishæfi háskóladeilda um rannsóknarstyrki innanlands og utan þær að sem flestir akademískir starfsmenn sem að rannsóknarverkefnum koma séu með doktorspróf. Þetta á við jafnt um rannsóknarverkefni á sviði listgreina og annara greina á háskólastigi.

Í þessu sambandi skal einnig vikið að stöðu mála hérlendis:

Eins og staðan er í dag er tónlistardeild LHÍ sú stofnun sem hefur starfað skv. samningi við opinbera aðila um umsjón háskólamenntunar í tónlist og tengdum verk- og fræðigreinum frá árinu 1998 (tónlistardeild var stofnuð 2001). LHÍ hefur sótt um viðurkenningu á fræðasviðinu „listir" til mennta- og menningarmálaráðuneytis, liðir í því ferli hafa verið gæðaúttektir erlendra sérfræðinga (2007; 2010). Þar hefur ítrekað verið bent á nauðsyn þess að LHÍ auki verulega hlutfall sitt af fastráðnum kennurum með prófgráður á æðstu menntastigum til að standast samkeppni varðandi gæði náms og rannsókna.[1]

Það hefur vakið athygli háskólasamfélagsins og annarra fagaðila úr röðum tónlistarfólks að viðbrögð rektors LHÍ við ábendingum þar að lútandi hafa verið þau að annars vegar sé erfitt að finna íslenska sérfræðinga með nauðsynlega sérþekkingu og menntun á þeim sviðum sem LHÍ nær yfir: „The Rector told the Panel that there were difficulties in recruiting staff with the necessary expertise, in all of the fields the IAA covers."[2]
Þetta stenst ekki hvað varðar faggreinar tónlistar eins og nýlegt dæmi um akademíska stöðuveitingu við tónlistardeild sannar, þar sem tveimur íslenskum umsækjendum með doktorspróf var hafnað og umsækjandi með meistarapróf ráðinn í stöðu lektors.

Hins vegar hefur rektor LHÍ lýst því yfir, nú síðast í ofangreindri umsögn um þingskjal 714, að „doktorsgráður séu almennt ekki tíðkaðar í listum" og í framhaldi af þessari fullyrðingu gefið til kynna að sérfræðingar með doktorspróf á sviði tónlistar og annarra listgreina séu í stuttu máli „ekki listamenn af stórum sviðum listanna" eins og lesa má í umsögn hans um 12. gr. bls. 4-5. Hvorug þessara fullyrðinga stenst skoðun hvað varðar tónlistarfólk með akademískan bakgrunn, hvorki í innlendu né erlendu samhengi, og eru ekki í samræmi við alþjóðlega þróun háskólastarfs og háskólamenntunar á sviði tónlistar.

**Athugasemdir við aðrar einstakar greinar frumvarpsins:**

1. gr. liður d.

Lagt er til að setningin: „Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda og fræða" verði breytt í:

„Háskólar *hafi sannanlega fullt samráð við viðurkennda sérfræðinga með doktorspróf í þeim faggreinum sem um ræðir hverju sinni auk starfandi fagaðila, innan háskóla sem utan, um skipulag starfsemi sinnar til þess að* ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, og fyrir framþróun vísinda, *lista*[3] og fræða."

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Ábyrgð háskóla snýr að því að svara sem best þörfum samfélagsins um menntun á hverjum tímapunkti. Eins og fram kemur í greinum GH frá árinu 2004 og 2005 (fylgiskjöl 5 og 6) hefur afar lítil opinber orðræða farið fram um fyrirkomulag háskóla- og framhaldsskólanáms í tónlist á Íslandi. Getur slík staða vart talist ásættanleg í ljósi

1 (http://lhi.is/files/2010/02/uttektarskyrsla-2010.pdf
2 Expert Committee Report, 2010, 11.
3 „lista" er í samræmi við athugasemd rektors LHÍ um sömu grein.

þess að LHÍ er rekinn af framlögum frá ríkinu og hlýtur sem slíkur að vera í þjónustuhlutverki við samfélagið líkt og aðrar ríkisstyrktar stofnanir sem og að þurfa það aðhald sem opinber orðræða veitir.

3. gr. liður a.

Lagt er til að auk þess að fella úr orðið „hlutafélag" í setningunni „Háskóla má reka sem ríkisstofnun, *sjálfseignarstofnun*, hlutafélag eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi" verði einnig orðið „sjálfseignarstofnun" tekið til endurskoðunar.

Rökstuðningur fyrir tillögu:

Í ljósi þeirrar reynslu sem komin er af því hvernig ráðningarferli og stöðuveitingar hafa farið fram innan LHÍ hafa komið fram alvarlegir vankantar á því að háskóli sé rekinn sem sjálfseignarstofnun. Sem sjálfseignarstofnun er háskóli ekki stjórnvald, m.ö.o. þá eiga stjórnsýslureglur ekki við. Þá er t.a.m. ekki hægt að kæra stöðuveitingar til ráðherra og ekki kvarta til umboðsmanns Alþingis. Hvatt er til endurskoðunar á rekstrarformi LHÍ.

Virðingarfyllst,

Dr. Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari, aðjúnkt við LHÍ og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík
Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor í tónmennt við HÍ og formaður rannsóknarstofu í tónlistarfræðum
Dr. Kristín Jónína Taylor, píanóleikari og prófessor við tónlistardeild Waldorf College, Iowa, Bandaríkjunum
Dr. Sigurlaug Regína Friðþjófsdóttir, grunnskólakennari í Salaskóla og Smáraskóla
Dr. Hákon Leifsson, organisti
Dr. Guðmundur Hafsteinsson, tónskáld og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík
Dr. Þórir Þórisson, tónlistarkennslufræðingur

Fylgiskjöl:

1 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)
2 – Umsögn rektors LHÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)
3 – Music Vacancy List, 9. Mars 2012 – fréttabréf um lausar stöður við tónlistardeildir háskóla í Bandaríkjunum
4 – Útdráttur úr bréfi dr. Kristínar Jónínu Taylor, prófessor við tónlistardeild Waldorf College í Iowa (2012)
5 – „Fjarri sanni: Tónlistarskólinn í Reykjavík og háskólagráður og Listaháskóli Íslands"
birt grein e. dr. Guðmund Hafsteinsson, tónskáld (2004)
6 - „Og tónlistin tapar" birt grein e. dr. Guðmund Hafsteinsson, tónskáld (2005)

Netúgáfa bréfs sent í pdf 20. 3. 2012

Afrit sent í landpósti 20. 3. 2012

Sæl og takk fyrir bréfið.

Okkur fannst mikilvægt að senda bréfið milliliðalaust til þín, en í samræmi við ábendinguna munum senda einnig afrit til allsherjar- og menntamálanefndar þingsins á morgun.

Bestu kveðjur,
Nína Margrét Grímsdóttir

**From:** katrin.jakobsdottir@mrn.is [mailto:katrin.jakobsdottir@mrn.is]
**Sent:** 20. mars 2012 16:56
**To:** nina@ninamargret.com
**Subject:** Re: Bréf til Mennta- og menningarmálaráðherra - önnur undirskrift bætist við

Sæl.
Þetta er móttekið.
Málið er nú í meðförum Alþingis og spyr ég því hvort þið hafið ekki sent umsögn ykkar til allsherjar- og menntamálanefndar þingsins?
K.kv., K

-----"Dr. Nína Margrét Grímsdóttir" <nina@ninamargret.com> wrote: -----
To: <katrinja@althingi.is>
From: "Dr. Nína Margrét Grímsdóttir" <nina@ninamargret.com>
Date: 03/20/2012 02:04PM
Cc: Bjarki Sveinbjornsson <bjarki@musik.is>, <hrolfur@musik.is>, <helgarut@hi.is>, <kitsonata@hotmail.com>, <thoris@ismennt.is>, <gha@ismennt.is>, <sigurlaug.regina@internet.is>, <hakon@vortex.is>, <nina@ninamargret.com>
Subject: Bréf til Mennta- og menningarmálaráðherra - önnur undirskrift bætist við

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Rvk.

Hæstvirtur ráðherra,

Hér með er komið á framfæri enn einni undirskrift til viðbótar sem var að berast til stuðnings athugasemdum sem fram koma í bréfi dags. 20. 3. 2012 (PDF viðhengi). Í bréfinu er komið á framfæri athugasemdum við **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (þingskjal 714)** (fylgiskjal 1) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.

Undirskriftin sem bætist við er:

Dr. Bjarki Sveinbjörnsson, tónlistarfræðingur og forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands

Virðingarfyllst,

Nína Margrét Grímsdóttir
Dr. Nína Margrét Grímsdóttir, LGSM, PSD, MA, DMA
Aðalþing 5

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

# Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, 468 mál, 2012

Listaháskólinn hefur fengið til umsagnar frá allsherjar- og menntamálanefnd frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, 468. mál. Athugasemdir skólans beinast að nokkrum ákvæðum frumvarpsins, sem hér verður greint frá.

Langmikilvægust út frá sjónarhóli listmenntunar og listastarfsemi er þó athugasemd skólans við 12. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingu á 18. gr. núgildandi laga. Með frumvarpinu verður það gert að lögum að enginn megi bera starfsheiti háskólakennara nema hafa doktorspróf eða jafngilda þekkingu og reynslu, og sama skilyrði gildir fyrir þá sem háskólar skipa til setu í dómnefndum um hæfi háskólakennara. **Verði af þessari breytingu á lögum er grundvelli kippt undan háskólamenntun í listum á Íslandi**. Fyrir hönd skólans óskar undirritaður, rektor skólans, eftir að fá áheyrn hjá nefndinni til að ræða þetta atriði sérstaklega.

<u>Athugasemdir:</u>

*Almennt:*
Gildandi lög um háskóla eru frá 2006. Þau tóku við af lögum sem höfðu tekið gildi 1997. Í báðum tilfellum var um að ræða grundvallarbreytingar á lagaumhverfi háskóla. Í þessu samhengi vill Listaháskólinn taka fram að háskólar eru mjög flóknar og viðkvæmar stofnanir, og ef umhverfið er óstöðugt verður það skólunum fjötur um fót og tefur þróun þeirra og uppbyggingu. Það þurfa því að mati skólans að liggja fyrir miklar og gildar ástæður ef breyta á lagaumhverfinu sem skólunum er búið.

Samkvæmt greinargerð ráðherra með lagafrumvarpinu er tilefni frumvarpsins fyrst og fremst ábendingar sem komu fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008, og skýrsla þingmannanefndar sem skipuð var í framhaldi af fyrri skýrslunni. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar komu fram ýmsar ábendingar til fræðasamfélagsins um hlutverk háskóla, ábyrgð starfsmanna, og um almenna þátttöku í samfélagsumræðunni.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er tekið mið af þessum ábendingum með breytingum á 2. gr. núgildandi laga um hlutverk háskóla, þ.e. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér tillögur að breytingum sem vandséð er hvernig tengjast ábendingum úr rannsóknarskýrslu Alþingis. Til dæmis verður ekki séð hvernig breytingar á stjórnskipan háskóla (10. gr.) tengist ábendingum rannsóknarnefndar, eða skilyrði til háskólakennara um doktorsgráður (12. gr.), eða heimildir til handa ráðherra um að setja reglur um ýmis skipulagsmál háskóla, s.s. um samræmda meðferð umsókna um háskólanám, innritun nýnema, og um aðfararnám (13. gr.).

Að mati Listaháskólans er afar mikilvægt að virða sjálfstæði háskóla til að skipuleggja sitt starf og stjórnsýslu með þeim hætti sem hver skóli telur best, það gildir fyrir stofnunina, nemendur, og viðkomandi fræðasvið. Það er því að mati skólans fagnaðarefni að mikilvægi

sjálfstæðis háskólanna skuli undirstrikað með þeim hætti sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins, málsliður d: “Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda og fræða.”

Það er hins vegar í talverðri mótsögn við þetta ákvæði hvernig þrengt er að þessu áætlaða sjálfstæði með ýmsum fyrirmælum og skilyrðum um skipulag, stjórnun, hæfisskilyrði starfsmanna og rekstur sem koma fram annars staðar í frumvarpinu. Þessi innri mótsögn er í raun mesti ágalli frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. gr. liður c.

Setningin “Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi” er gildishlaðin og ber með sér göfugt fyrirheit sem flest háskólafólk sjálfsagt dreymir um að rætist. Það er hins vegar mjög erfitt að meta hvernig að því verði staðið að uppfylla fyrirheitið, og þá enn síður ljóst í hvaða tilfellum það er *ekki* gert. Spyrja má hvenær háskólar brjóti á móti þessu ákvæði. Að mati undirritaðs á þessi setning frekar við í stefnuyfirlýsingu háskóla en í almennum lagatexta.

1. gr. liður d.

Ákvæði um sjálfstæði háskóla er grundvallarákvæði og ætti að vera til viðmiðunar í lagasetningu um háskóla. Með því er hnekkt á því mikilvæga atriði að háskólar ráði skipulagi starfsemi sinnar og að þeim verði ekki gefin bindandi fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um hvernig þeir koma fyrir sinni starfsemi. T.d. hlýtur það að teljast óeðlileg íhlutun í starfsemi háskóla að skipa fyrir um hvernig störfum þar er skipt eða hvaða námsleiðir eru þar í boði.

Þó er það ekki fullnægjandi að *listir* sem viðfangsefni í háskólamenntun skuli ekki vera í upptalningu í síðari hluta ákvæðisins, þ.e. sem jafngildi *vísinda* og *fræða*. Tillaga skólans er því sú að setningin verði endurskrifuð með eftirfarandi hætti: “Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun *vísinda*, *lista* og *fræða*.”

2. gr.

Listaháskólinn telur mikilvægt að í lögum um háskóla sé fjallað um akademískt frelsi háskóla og starfsmanna þeirra. Vísar skólinn þar m.a. til *Yfirlýsingar um forsendur og frelsi háskóla* sem rektorar allra háskóla undirrituðu þann 15. júní 2005 og er enn í gildi.

Skólinn gerir þá einu athugasemd við ákvæðið um akademískt frelsi að of þröngt er kveðið á um sjálfstæði háskóla gagnvart hugsanlegum afskiptum stjórnvalda eða annarra eigenda. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu er aðeins talað um *viðfangsefni* rannsókna og kennslu, en ekki er síður mikilvægt að *skipulagi* og *fyrirkomulagi* kennslu og rannsókna verði haldið utan seilingar þessara aðila.

Til athugunar: Svo virðist sem sú tæknilega villa sé í frumvarpinu, að ákvæði um siðareglur háskóla, sem vísað er til í lok skýringar við 2.gr. frumvarpsins, falli út með breytingu sem gerð er með umorðun 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga, sbr. 1. gr. frumvarps, málsliður d.

3. gr.

Engar athugasemdir eru gerðar við þær tillögur að breytingum sem koma fram í frumvarpinu. Hins vegar telur skólinn mikilvægt að liggi ljóst fyrir til hvers er vísað þegar tekið er fram í lögum að "viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið," (4. málsliður 3. gr. núgildandi laga). Er hér verið að vísa til úreltrar skilgreiningar OECD (Frascati) á fræða-sviðum háskólamenntunar, eða liggur fyrir einhver önnur skilgreining?

Listaháskólinn er viðurkenndur sem háskóli á fræðasviði *lista*, og aðrir háskólar hafa viðurkenningar á öðrum fræðasviðum, s.s. í *hugvísindum*, *náttúruvísindum*, og *búvísindum*. Þeirri spurningu þarf að svara hversu mörg eru fræðasviðin og hverjir eru undirflokkar þeirra? Fyrr en það liggur fyrir er tilvísun í hugtakið *fræðasvið* í raun marklaus.

8. gr., liður b.

Listaháskólinn hefur allt frá undirbúningi laga um háskóla 2006 varað við því að háskólar hafi heimild til að meta til eininga nám sem fram fer við skóla eða stofnanir sem *ekki* hafa sömu viðurkenningu og þeir sjálfir hafa. Heimildin var engu að síður lögfest, og hefur síðan hlotist af því óvissa og ýmis vandræði sem annars hefðu ekki þurft að koma til.

Nú er reyndar þrengt að heimildinni með því að taka fram að hún sé einungis gild í "undantekningatilfellum," eins og það er orðað. Þessi takmörkun er vissulega til bóta en ennþá er þó opið fyrir huglægt mat á því hvernig námseiningar eru metnar. Til frekari skýringar er hér vísað til umsagnar Listaháskólans frá 2006 um þetta atriði:

> Almennt vill Listaháskólinn benda á að menntayfirvöld og háskólarnir bera sameiginlega ábyrgð gagnvart því að námseiningar héðan séu virtar jafngildar námseiningum í erlendum skólum, og að baki náminu sem gefi einingarnar standi alvöru háskólastofnanir. Í þessu eiga háskólarnir og íslenska þjóðin í heild mikilla hagsmuna að gæta. Það eitt að íslenskum háskólum sé gefin heimild til að úthýsa verkefnum sínum til minna gildra skóla eða stofnana gefur tilefni til gagnrýni sem erfitt getur verið að hrinda. Listaháskólinn telur óþarft og rangt að taka slíka áhættu.

9. gr., liður c.

Ákvæði um hvort sérfræðingar, sem koma að ytra mati háskóla, eru innlendir eða erlendir er óþarft. Treysta verður þeim aðilum sem fengnir eru til að hafa umsjón með matinu að ákveða um samsetningu sérfræðingahópa, þ.m.t. hvort þar eru skipaðir til heimamenn eða aðrir sem koma annars staðar frá. Í þessu á faglegt mat að ráða, ekki uppruni þeirra einstaklinga sem valdir eru til verka.

10. gr. liður a.

Listaháskólinn er sjálfseignarstofnun þar sem æðsta vald er falið 5 manna stjórn þar sem enginn stjórnarmanna má hafa framfæri sitt af starfi við skólann eða má stunda þar nám. Þannig er fyrirbyggt að í stjórn sitji fólk sem hefur beinna hagsmuna að gæta gagnvart stjórnendum skólans og geti þannig haft óeðlileg áhrif á ákvarðanir stjórnar. Stjórnin ræður

rektor og ber hann í umboði stjórnar ábyrgð á rekstri skólans og akademísku starfi. Þessi skipan hefur hingað til gefist vel innan skólans, og hefur hið innra starf eflst og orðið sjálfstæðara eftir því sem skólinn hefur þroskast.

Með skilyrði um setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í stjórn skólans og/eða háskólaráði, eins og kveðið er á um í þessari grein frumvarpsins, verður Listaháskólinn að endurskilgreina hlutverk stjórnar skólans, sem þá takmarkast við eignarhald og ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Á móti verður að efla aðrar stjórnunareiningar og gefa þeim aukna ábyrgð. Í raun er þetta í takti við þá þróun sem hefur orðið innan Listaháskólans og mun því ekki valda róttækri breytingu á daglegri starfsemi. Hitt er svo að breytingin felur í sér, að gerð verður krafa til starfsmanna og nemenda um að þeir stórauki vinnuframlag sitt til stjórnunar skólans og þeir verði reiðubúnir til að axla ábyrgð á mikilvægum ákvörðunum um rekstur og stjórnun.

Listaháskólinn gerir þá athugasemd að ekki gætir innra samræmis í sjálfum frumvarps-textanum. Textann þarf að skrifa upp á nýtt. Eins og greinin birtist í heild sinni þá er byrjað á að fullyrða að ”yfirstjórn háskóla er falin *háskólaráði* og *rektor*,” og síðar sagt að ”*háskólaráð* er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla.” Viðbótin, sem kveður á um setu fulltrúa nemenda og kennara, gerir hins vegar ráð fyrir að um hvortveggja geti verið að ræða innan háskóla sem æðsta stjórnvald, þ.e. *stjórn* og *háskólaráð*. Þeirri mikilvægu spurningu er þannig ósvarað: Hver fer með yfirstjórn háskóla? *Háskólaráð*? *Rektor*? *Stjórn*? Eða allir þessir þrír aðilar?

10. gr. liður c.:

Þessi málsliður er óþarfur. Eðlilegt er að hver skóli fyrir sig skilgreini hvaða kröfur eru gerðar til æðstu stjórnenda og hvernig störf þeirra eru útfærð í stjórnsýslu skólans. Það er í anda þess að ”háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið ...”

11. gr.

Lagt er til að lagagreinin um *háskólafundi* verði felld út í heild sinni, og háskólunum treyst til þess að koma á því samráði sem um er fjallað með þeim hætti sem þeir vita best og vita hvernig getur virkað. Treysti stjórnvöld ekki skólunum í þessu efni þá geta þau þó andað rólega því eftirlitsaðilar háskólanna, alþjóðlega gæðaráðið, leggur mikla áherslu á þennan þátt í úttektum sínum á skólunum.

Til frekari rökstuðnings skal enn og aftur vísað til þess ákvæðis í 1. gr. frumvarpsins að ”háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið...”

12. gr.

Eins og kemur fram í inngangi að þessari umsögn felur ákvæðið um að kennarar háskóla skuli hafa doktorspróf til að geta borið starfsheiti prófessors, dósents eða lektors, það með sér að grundvellinum verður kippt undan rekstri listmenntunar á háskólastigi á Íslandi. Þetta á sér þá einföldu skýringu að doktorsgráður eru almennt ekki tíðkaðar í listum og eru ekki sá mælikvarði á starfsemi listamanna og afrek þeirra sem þær eru á öðrum fræðasviðum háskólamenntunar. Í framsögu fyrir frumvarpinu gerir ráðherra sér ljóst að í þessu verður að finna aðra lausn fyrir listirnar, og hún varpar því í raun til allsherjar- og menntamálanefndar að meta það með sér hvað leiðir megi finna.

Í listum eru hæfileikar og kunnátta mæld af árangri í viðkomandi grein, hvort sem það er tónlistarflutningur, tónsmíðin, myndverkið, kvikmyndin, mannvirkið, hönnunin, leikverkið, eða dansinn. Hljómleikarnir eru doktorsvörn tónlistarmannsins og leiksýningin prófsteinn leikarans. Mælikvarðarnir eru ekki prófgráður eða fjöldi birtra ritrýndra greina heldur verkin sjálf, hvað þau bera með sér, hver er vettvangurinn þar sem þau eru flutt eða þau birtast, hvert er samhengið, tengslin, og hver eru áhrifin. Listaháskólar víða um heim glíma nú við að skilgreina mælikvarðana þannig að þeim verði beitt til að meta árangur innan skólanna, hvort sem er við ráðningar og mat á starfsmönnum, eða við mælingu á árangri skólanna í stærra samhengi. Listaháskólinn er þar kominn vel á veg og spilar þar í sama takti og aðrir bestu listaháskólar.

Tillaga Listaháskólans er sú, að annaðhvort verði ákvæðið um doktorsgráður alfarið fellt út og háskólunum verði það í sjálfsvald sett hvernig þeir skilgreina sínar kröfur til háskólakennara, eða að sérstakt ákvæði verði sett inn í lögin sem kveður á um sérstöðu listanna hvað þetta varðar. Tilvísun í svokallað "jafngildisákvæði," þ.e. að megi meta háskólakennara til starfsheita hafi þeir "jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar," sem kemur fram í skýringu með frumvarpsgreininni, er í þessu sambandi algjörlega óásættanleg að mati Listaháskólans, og felur í raun með sér það viðhorf að störf og afrek listamanna verði ekki metin fullgild nema þau hafi verið metin til jafns við afrakstur af allt öðrum toga.

Ekki þarf annað en að setja upp dæmi um tvo umsækjendur um starf háskólakennara í listum til að sjá hversu fráleit ráðning á "jafngildisákvæðinu" getur orðið. Annar er listamaður af stórum sviðum listanna, en er ekki með doktorsgráðu frekar en flestir aðrir listamenn, og hinn er staðbundinn starfsmaður, t.d. á lægri stigum skólakerfisins, en er með doktorsgráðu. Þann fyrri mætti þannig ekki ráða nema fyrst væri metið hvort hann geti verið jafngildur hinum síðari. Matið gildir hins vegar ekki í hina áttina, þ.e. að doktorinn verði metinn til jafns við listamanninn. Þar að auki myndi sjálfsagt enginn meiri háttar listamaður vilja sækja um starf háskólakennara þar sem möguleikar hans til að fá starfið byggjast á því að hann verði metinn til jafns á grundvelli "jafngildrar þekkingar og reynslu " við doktorskandídat sem kannski hefur lítið lagt annað til framþróun og útbreiðslu listanna en sjálft verkefnið sem er undirstaða prófgráðunnar. Í þessu hafa listamenn stolt og æru að verja sem þeir eru ekki tilbúnir til að fórna.

Tillagan um að fella út kröfuna um doktorsgráðu, og hafa lagagreinina óbreytta frá núgildandi lögum, hefur þann kost að hver skóli getur útfært hæfniskröfur til kennara sinna eftir því sem hentar þeirri grein og fræðasviði sem um ræðir. Þannig getur t.d. Háskóli Íslands ráðið til sín bestu kennara í skáldskap og skapandi skrifum án þess að þurfa að takmarka sig í valinu við rithöfunda, sem eru með doktorsgráður í því hvernig eigi að skrifa bækur, - og Háskólinn á Hólum getur valið sér kennara í hrossarækt án þess að það skilyrði sé sett að viðkomandi hafi doktorsgráðu í því hvernig bestum stofnum megi koma upp. Á móti kemur að háskólarnir geta sett kröfuna um doktorsgráðu í þeim greinum sem þeim þykir augljóst að það eigi við, s.s. í náttúruvísindum og flestum greinum félagsvísinda. Í þessu verða stjórnvöld að treysta íslenskum háskólum til að útfæra kröfur sínar með þeim hætti sem best hentar fræðigreininni sem um ræðir hverju sinni.

Hinn möguleikinn er sá, að sérstakt ákvæði verði sett í lögin sem tekur mið að þörfum listanna. Það ákvæði gæti verið eftirfarandi. "Um fræðasviðið *listir* gildir að þeir sem bera starfsheiti háskólakennara skulu hafa lokið meistaragráðu í sinni grein eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar." Jafnframt þyrfti að setja inn sambærilegt ákvæði um skipan í dómnefndir um hæfi háskólakennara á fræðasviði *lista* (sbr. 2. mgr.). Þessi

breyting getur dugað Listaháskólanum til að starfa áfram með eðlilegum hætti innan háskólasamfélagsins, en áfram verður lokuð sú leið að ráða bestu listamenn og rithöfunda til kennslustarfa á fræðasviðum annarra háskóla. Fyrir Listaháskólann getur það haft í för með sér takmarkanir á mikilvægu samstarfi við þá.

13. gr. liður a.

Með ákvæði um heimild til handa ráðherra til að mæla fyrir um samræmt fyrirkomulag innritunar allra háskóla og um samræmda meðferð umsókna og auglýsingu umsóknarfrests um skólavist í háskólum, er enn og aftur verið setja skólunum fyrirmæli um hvernig þeir eigi að ráða starfsemi sinni og hvernig stjórnvöld telja að henni verði best fyrir komið. Í skýringum með frumvarpsgreininni eru þau einu rök færð fyrir þessari heimild að þetta sé í samræmi við stefnu um samstarf háskóla, svokallað háskólanet, og er ætlað að auðvelda stúdentum skráningu í nám og spara fjármuni.

Í þessu sambandi verður Listaháskólinn að gera löggjafanum ljóst að inntaka nemenda inn í skólann er með allt öðrum hætti en hún er tíðkuð í öðrum íslenskum háskólum. Nemendur eru teknir inn í Listaháskólann eftir langt og mikið ferli sem felur í sér faglegt mat sérskipaðra dómnefnda á frumgerðu efni umsækjenda og/eða þrepaskipt inntökupróf, auk viðtala og tilfallandi hæfniprófa. Umsækjendur um nám eru í langflestum greinum langtum fleiri en þeir sem hægt er að taka við. Síðustu skiladagar fyrir umsóknir eru allt frá því í byrjun desember til fyrstu daga maímánaðar, allt eftir því um hvaða grein er að ræða. Til grundvallar liggur að trúnaðar sé gætt um hverjir umsækjendur eru.

Listaháskólinn er ekki tilbúinn til að breyta aðferðum og viðmiðum við val á umsækjendum til þess eins að aðlagast aðferðum hinna háskólanna í þessum efnum. Í þessu verður að virða sérstöðu listanna og þær gæðakröfur sem almennt eru tíðkaðar við inntöku í listnám á æðstu skólastigum.

13. gr. liður b.

Varðandi heimildir til handa háskólum um að bjóða upp á aðfararnám fyrir nemendur sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla leggur Listaháskólinn áherslu á að fullkomin aðgreining sé höfð milli reksturs háskólanámsins og aðfararnámsins. Annars mætti véfengja að jafnræðis verði gætt í inntöku á milli umsækjenda um nám eftir því hvort þeir koma úr aðfararnáminu eða annars staðar frá.

Í þessu sambandi vill Listaháskólinn benda á að Listdansskóli Íslands er sjálfstætt rekinn listaskóli á framhaldsstigi í eigu dótturfélags Listaháskólans. Nemendur úr Listdansskólanum, sem sækja um nám á dansbraut í Listaháskólanum, þurfa að ganga í gegnum nákvæmlega sama inntökuferli og umsækjendur annars staðar frá og fá engan afslátt á þeim kröfum sem gerðar eru í inntökunni.

13. gr. liður c.

Í undirbúningi frumvarpsins hefur ekki verið leitað til háskólanna um mat á þeim áhrifum sem ákvæði um réttindi fatlaðra til háskólanáms gætu haft í för með sér. Sjálfsagt dettur engum háskólamanni í hug að véfengja mikilvægi þess að fatlaðir einstaklingar hafi sama aðgang að háskólanámi og aðrir í þjóðfélaginu. Hitt er svo, að möguleikarnir til að láta það rætast geta verið mjög mismunandi eftir skólum og námsgreinum.

Kunnugt er að áform Listaháskólans um nýbyggingu fyrir skólann hafa ekki gengið eftir, og á þessari stundu er ekki ljóst hvernig húsnæðismál skólans verða leyst þegar til lengri tíma er litið. Mikilvægt er í því sambandi að stjórnvöld geri sér ljóst að aðgengi hreyfihamlaðra að byggingum skólans er í sumum tilfellum mjög erfitt, sérstaklega á það við um skólabygginguna við Sölvhólsgötu sem hýsir starfsemi tónlistardeildar og starfsemi leiklistar- og dansdeildar. Í raun er engum þar fært að fara um sem ekki er meira en fullfrískur til handa og fóta.

Kostnaður við breytingar á húsnæðinu, svo það sé aðgengilegt fyrir hvern sem er, veltur á tugum milljónum króna. Mat fjármálaráðuneytisins á því að lögfesting frumvarpsins hafi ekki teljandi áhrif á útgjöld háskólanna, byggir þannig á þeirri forsendu að nauðsynlegar breytingar á húsnæði skólanna vegna aðgengis fatlaðra verði ekki á kostnað skólanna sjálfra. Yfirlýsing stjórnvalda um að nemendur með fötlun skulu geta staðið við hlið annarra nemenda er þannig áskorun til þeirra sjálfra um að leysa til framtíðar alþekktan húnæðisvanda Listaháskóla Íslands.

28. febrúar 2012

Hjálmar H. Ragnarsson
rektor.

# ACADEMIC POSITIONS

## ADMINISTRATION

ABILENE CHRISTIAN UNIVERSITY -- Department Chair. Individual who will provide leadership for the academic, personnel, fiscal, and public affairs of an active music department. The chair oversees all operations of the department, including the management of budgets, supervising and assigning teaching and non-teaching responsibilities of faculty and staff, faculty and staff evaluations, curriculum and accreditation matters, and works with various campus offices (admissions, alumni, development) to advance departmental and university objectives. The chair will represent and be an advocate for the department within the university and to the greater public. The chair will promote a focused vision for the department and its future. The chair's position is divided equally between administrative and teaching duties. Doctorate in music (D.M.A. or Ph.D.) with demonstrated significant achievement in an academic or performance discipline that would qualify the applicant for appointment at the rank of Associate Professor or Professor. Documented success in instruction in higher education. Proven ability to work effectively with people of diverse backgrounds. An academic background in Music History and/or Music Theory. Previous administrative experience. Rank: Assoc./Full Professor. Start Date: June 1, 2012. Interested applicants should visit http://www.acu.edu/academics/provost/positions.html for more information regarding required application procedures. Dr. Kay Williams, ACU Music Department, ACU Box 28274, Abilene, TX 79699. Phone: 325-674-2242. Fax: 325-674-2608. Email: williamskay@acu.edu. Deadline is March 19, 2012 or until filled.

## BAND

BREVARD COLLEGE -- Director of Bands and Coordinator of Music Education. Full time, tenure track position beginning August, 2012. Responsibilities include conducting the college wind ensemble and teaching conducting courses, courses in the Music Education curriculum, and other courses or ensembles as determined by departmental and institutional need, which may include general education courses. Other duties include taking a lead role in music student recruitment efforts, increasing music major and non music major student enrollment in the college wind ensemble, oversight of college bands, supervision of activities relating to Music Education, and involvement in departmental and college committees. Salary and rank commensurate with experience and qualifications. Qualifications: Demonstrated excellence in wind ensemble conducting proven ability to recruit students minimum 2 years high school or college teaching experience and or music education certification. PhD, DMA or equivalent preferred. ABD or Master's degree will be considered. Rank: Assoc./Asst. Professor. Please submit the following: letter of interest, CV, list of at least 5 reference contacts, repertoire list, recent recordings, and letters from three references. Dr. Laura L. Franklin, Fine Arts Division Chair, One Brevard College Drive, Brevard, NC 28712. To submit electronic applications or for confidential inquiries please e-mail laura.franklin@brevard.edu. Phone: 828.884.8112. Fax: 828.884.3790. Review of Applications begins March 19, 2012 and will continue until the position is filled. Brevard College is a baccalaureate, residential, United Methodist affiliated institution offering degrees in the theoretical and applied liberal arts. Brevard College is an Affirmative Action, Equal Opportunity Employer.

CENTRAL CONNECTICUT STATE UNIVERSITY -- See position listed under Music Education

MINNESOTA STATE UNIVERSITY MOORHEAD -- Band Director. Responsibilities: Supervising the university's band program, recruiting, teaching related courses according to the candidate's areas of expertise and the needs of the department, advising instrumental music education majors, and duties related to faculty development. Rank: Assistant Professor, Tenure-track. Salary: based on experience and determined by collective bargaining agreement. Qualifications: Master's degree in music by date of appointment, prior band teaching/conducting experience at either high school or collegiate level, and demonstrated ability to work successfully with students of diverse backgrounds including a sensitivity to their needs and concerns. Start Date: August 21, 2012. For the full vacancy notice and application information, go to: http://web.mnstate.edu/vacancy/unclassified.htm. Screening begins March 23, 2012.

Það var að sjálfsögðu pólitísk ákvörðun að stofna hér ríkiskostaðan og ríkisvottaðan listaháskóla (þó að í lagalegum skilningi sé hann sjálfseignarstofnun), en ákvörðunin var grundvölluð á trausti til menntastofnana sem fyrir voru í landinu og veittu kennslu á þessu stigi, kennslu sem byggð hafði verið upp skref fyrir skref í nokkrar kynslóðir. Þegar Tónlistardeild LHÍ var hleypt af stokkunum án þess að Tónlistarskólinn í Reykjavík væri stofnaðili að þeirri deild, má ýkjulaust segja að forsendur hennar hafi verið virtar að vettugi. Í það minnsta stóð lítið að baki þeim háskólagráðum, sem deildin fyrirhugaði að gefa út og ríkið hafði gefið fjárhagslega tryggingu fyrir og lagt blessun sína yfir, því að annað og þriðja ár námsins var óskilgreint og fyrsta árið létt tilbrigði af því sem óx neðarlega á námstrénu í TR. Hin fyrirframgefna viðurkenning hérlendra yfirvalda var því harla lítils virði frá menntunarlegu sjónarhorni. Síðan þá hafa árin tvö bæst við og tónlistarnámið í LHÍ því litið dagsins ljós. Að hinni opinberu viðurkenningu frátalinni, skyldi námið í LHÍ frekar vera háskólanám heldur en t.a.m. námið í TR, og prófin þaðan frekar vera háskólagráður heldur en prófin frá TR?

Áður en því verður svarað er vert að spyrja annars, sem sé þess, hvort sjálfsmat rektors LHÍ og hans starfsmanna sé meira virði en sjálfsmat skólastjóra og kennara TR. Svar við þessari spurningu liggur í augum uppi, ekki síst í ljósi þess að þetta er að bróðurparti sama fólkið.

Lokapróf frá TR hafa verið metin til launa hér á landi sem fullgild háskólapróf. Hafa þau legið til grundvallar launamati tónlistarkennara og verið grundvallarviðmið í kjarasamningum stéttarinnar. Tónmenntakennarapróf skólans er lögverndað samkvæmt lögum nr. 86/1998 og lagt í þeim lögum að jöfnu við ýmis Bachelor-próf annarra háskóla á Íslandi. Töluvert minni tónlistarmenntun lá að baki tónmenntakennaraprófi heldur en öðrum lokaprófum TR. Má því fullyrða að önnur lokapróf skólans séu ekki minna virði. Lánasjóður íslenskra námsmanna flokkaði nám í sérdeildum TR með öðru háskólanámi á Íslandi og veitti til þess lán á þeim forsendum.

Lausleg könnun undirritaðs hefur leitt í ljós að prófin frá TR hafa notið fullrar virðingar við fjölmarga erlenda háskóla, svo sem helstu tónlistarskóla á Norðurlöndunum og háskóla í Englandi, Skotlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Bandaríkjunum. Þar sem prófin hafa ekki verið að fullu metin hafa þau verið hátt metin, oftast að 3/4 hlutum eða þá 2/3 hlutum. Próf frá tónlistarháskólum bera ýmis nöfn í veröldinni. Hafa mörg lönd sinn sérstaka hátt í þessum efnum sem þá ber merki menntakerfis og hefðar í landinu. Tónlistarháskólar meta nemendur því yfirleitt sjálfir með stöðuprófum. Gildir jafnan mest að standa sig í sinni sérgrein hvort sem hún er söngur, hljóðfæraleikur, tónsmíðar eða annað, en plögg og gráður hafa minna vægi. Sums staðar hafa slík gögn lítið sem ekkert vægi, annars staðar meira. Víðast hvar er þó lagt heildstætt mat á nemanda, menntunarsögu hans og frammistöðu á inntökuprófum bæði í sérgrein og fræðigreinum. Varla getur fullt mat á kunnáttu og pappírum nemenda frá TR til háskólamenntunar á framhaldsstigi við Konunglega danska konservatoríið í Kaupmannahöfn, Konservatoríið í Árósum, Tónlistarháskólann í Málmey, Tónlistarháskólann í Ósló, Konunglega tónlistarháskóla Norður-Englands í Manchester, Konunglega tónlistarháskólann í Glasgow, Parísarkonservatoríið, Tónlistarháskólann í Freiburg og Stanford- og Brandeisháskólana í Bandaríkjunum vegið léttar en mat embættismanna Menntamálaráðuneytis á gögnum frá LHÍ. Það er því ómögulegt að segja að prófin í TR hafi ekki verið háskólagráður þrátt fyrir að opinber ríkisvottun hafi því miður ekki verið á þeim.

Í þessu sambandi er kannski vert að rifja upp að Hjálmar H. Ragnarsson var deildarstjóri Tónfræðadeildar TR frá stofnun hennar árið 1981 til 1988. Á þeim árum stóð í námsvísi skólans (útgefnum 1983), „Stefnt er að því að lokapróf frá Tónfræðadeild jafngildi BA-prófi í tónlist frá virtari tónlistarháskólum Bandaríkjanna og sambærilegum prófum í Evrópu." Eftir að Hjálmar lét af störfum

1988 voru inntökukröfur í deildina hertar og nám í henni aukið til muna. Hafi lokapróf Tónfræðadeildar verið jafngilt BA-prófi 1988 þá var það svo sannarlega ekki minna virði þegar TR hætti að veita nemendum á þessu sviði inngöngu vegna þess að LHÍ hafði tekið við því hlutverki.

Af kennsluskrá LHÍ 2003-2004 má ráða að í hinum fræðilega hluta tónlistarnámsins eru gerðar minni kröfur til inngöngu en var í háskólanámið í TR. Þetta á við grundvallarnámsgreinar, svo sem tónheyrn, hljómfræði og kontrapunkt. Einnig hafa verið kennd undirstöðuatriði tónfræðinnar í LHÍ, sem er tónfræði fyrir þá sem ekkert kunna í þeirri grein, eru sem sé á grunnskólastigi. Lítil kunnátta í þessum undirstöðugreinum hlýtur að setja mark sitt á alla meðtöku þekkingar í deildinni og færa námið niður á lægra plan. Það kemur heim og saman við upplýsingar frá nemendum Tónlistardeildar LHÍ, sem segja að mjög mikill munur sé á kunnáttu nemenda, jafnvel þeirra sem eru í sama árgangi, og dragi það úr gildi námsins fyrir þá sem eru meira kunnandi.

Engin starfandi sinfónísk hljómsveit er í LHÍ vegna þess að skólinn hefur ekki burði til þess, er of fámennur. Þetta er stórt stökk niður á við frá því er var í TR, þar sem slík starfsemi hefur verið fyrir hendi um áratugi. Spilamennska í hljómsveit er einn bráðnauðsynlegasti hlekkurinn í þeirri þjálfun sem þarf að fara fram í tónlistarháskóla. Hefði þurft að auka hana fremur en minnka.

Kennaranámið er síðan kapítuli út af fyrir sig. Eftir nokkra myrkragöngu þar sem fyrst í stað átti ekki að vera neitt kennaranám í LHÍ, því næst skyldu allir nemar Tónlistardeildar taka kennarapróf (gott ef ekki kom hér enn eitt millistig þar sem ekkert kennaranám skyldi vera í deildinni), er nú komin sú niðurstaða að vera skal eins konar skyndikúrs í almennri kennslu- og sálarfræði – nýtískulegur að sögn – til eins árs, sem veita á kennsluréttindi. Kúrsinn er kenndur í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands og er sameiginlegur öllum listgreinum, leiklist, myndlist og tónlist. Í TR var almenna kennslu- og sálarfræðin tveggja vetra nám (í stað þessa eina árs í LHÍ), einnig í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands, en löguð að þörfum tónlistarkennara. Hin sérsniðna kennslufræði hvers hljóðfæris, ásamt æfingakennslu undir handleiðslu reyndra kennara, krafðist þriggja vetra ástundunar í TR en er nú tveggja vetra nám í LHÍ. Kennaranám LHÍ verður því að teljast nokkur eftirbátur kennaranáms TR; auk þess eru færri valkostir í LHÍ en voru á síðarnefnda staðnum því að ekkert sérhæft kennaranám fyrir tónlistarkennara grunnskólanna, þ.e. tónmenntakennaranám, er þar enn til boða.

Í ljósi alls þessa er ómögulegt að segja að námið í Tónlistardeild LHÍ sé frekar háskólanám en það nám sem var á þessu stigi í TR. Því eru gráður LHÍ að inntaki engu fremur háskólagráður en þær sem TR útskrifaði nemendur með, nema síður sé. Það verður að teljast vægast sagt undarlegt háttarlag að stofna formlega ríkiskostaðan og ríkisvottaðan háskóla til að lækka námskröfur, útrýma námsmöguleikum og skapa verri námsskilyrði en fyrir voru, en klifa á sama tíma sífellt á einhverri mikilli uppbyggingu. Er afar ólíklegt að Íslendingar hafi staðið svo hátt á þessu sviði, ekki frekar en á nokkru öðru, að ástæða hafi verið til að dempa tónlistarnámið niður. Kæmi mér ekki á óvart að þetta markaði LHÍ nokkra sérstöðu í veröldinni; er hér e.t.v. komið mótíf það eða leiðistef sem rektor var tíðrætt um að þyrfti að finna hinni nýju stofnun í þann mund sem hann var að taka við embætti sínu.

Tónlistardeild LHÍ er reist á þeim afleitu forsendum að kljúfa háskólanámið frá framhaldsskólanáminu í TR. Afleiðingin er fámenni í deildinni. Gegn þessu reynir LHÍ að hamla með að sækja inn á framhaldsskólastigið, lækka inntökukröfur frá því eð var í TR og jafnvel þær er Tónlistardeildin lagði fyrst upp með. Þetta dugir ekki til. Á skólaári 2003-2004 voru einungis 17 í hljóðfæraleik og 8 í söng í Tónlistardeild LHÍ. Slík deild er ekki til stórræðanna í tónlistarflutningi ein og sér og á mjög mikið undir samvinnu við aðra skóla eins og dæmin sanna. Það skýtur því skökku við að rektor LHÍ skuli senda óumbeðna náðun til aðstoðarskólastjóra sem gerir ekki annað en skýra frá gildi prófa við Söngskólann í Reykjavík. Á sú stofnun þó mun stærri innistæðu bak við sína starfsemi heldur en nýstofnuð Tónlistardeild LHÍ, sem ennþá á vart nokkuð annað en það fyrirheit sem býr í góðu kennaraliði, einn fámennan árgang sem er nýútskrifaður, og svo nokkrar línur í *Stjórnartíðindum*.

Styttri útgáfa af þessari grein birtist fyrst í Morgunblaðinu, laugardaginn 4. sept. 2004, bls. 29.

Þriðjudaginn 1. mars, 2005 - Aðsend grein á mbl.is

# Og tónlistin tapar

Guðmundur Hafsteinsson fjallar um málefni Tónlistarskólans í Reykjavík: "Langbesti kosturinn í stöðunni er að láta TR ganga inn í LHÍ og þar verði höfuðstaður framhalds- og háskólanáms í tónlist í landinu."

ÞEGAR þau miklu tíðindi gerðust í íslensku tónlistarlífi að tónlistardeild Listaháskóla Íslands var stofnuð árið 2001 voru margir sem verið höfðu einlægir áhugamenn um framgang tónlistarkennslu á Íslandi - og sumir til áratuga hinir einu frumkvöðlar að stofnun formlegs tónlistarháskóla - vonsviknir, slegnir og uggandi. Tónlistarskólinn í Reykjavík (TR), einn hinna þriggja listaskóla sem lögðu grunninn að Listaháskóla Íslands (LHÍ), var sniðgenginn. Leiklistarskóli Íslands og Myndlista- og handíðaskóli Íslands runnu inn í LHÍ, en TR var haldið utan við stofnunina og þeirri reynslu sem þar hafði safnast saman og framvindu náms sem vaxið hafði við íslenskar aðstæður var hafnað í veigamiklum atriðum. Menn voru vonsviknir að sjá ekki tekið utan um það nám sem byggt hafði verið hér upp, það borið áfram, styrkt og bætt; menn voru slegnir yfir þeirri óvirðingu sem var sýnd stofnun á virðulegum aldri sem átti stærstan hlut íslenskra stofnana í að reisa upp íslenskt tónlistarlíf; og menn voru uggandi yfir því að starfsemi sem var lífræn heild - námið í TR - skyldi slitin í sundur. Þessu fór fram þrátt fyrir mótmæli stéttarinnar og það án þess að þeir sem réðu ferðinni hefðu fyrir ákvörðunum sínum haldbær málefnaleg rök.
Áhyggjur manna voru ekki ástæðulausar. Tíminn hefur staðfest að forsendur tónlistardeildar LHÍ voru illa ígrundaðar og að ótvíræður afturkippur hefur orðið í klassískri tónlistarmenntun á háskólastigi eftir að hún var flutt úr TR í LHÍ. Einnig er það tónlistarumhverfi sem menntunin býr við í LHÍ mun fábrotnara, fámennara og þróttminna en það var í TR áður en niðurbrot þeirrar stofnunar hófst.

## Tónlistarskólinn í Reykjavík - framhalds- og háskóli

Tónlistarskólinn í Reykjavík var framhalds- og háskóli í einni stofnun. Hann greindist í: a) framhaldsskóla; b) þrjár háskóladeildir í beinu framhaldi af framhaldsskólanum, en þær voru: Hljóðfærakennara-/söngkennaradeild, hljóðfæraleikara-/söngvaradeild og tónfræðadeild; c) tónmenntakennaradeild. Hún hafði nokkra sérstöðu þar eð hún var alfarið kostuð af ríkinu og inntökuskilyrði í hana voru lítið eitt önnur en í hinar háskóladeildirnar.
Í skólanum voru nokkuð á þriðja hundrað nemendur, þar af að jafnaði rúmt hundrað í háskólanámi. Þorri þeirra nemenda sem voru í háskólanámi lauk kennaraprófi í hljóðfæraleik, söng eða tónmennt. Allnokkrir sérhæfðu sig í hljóðfæraleik og söng og luku svokölluðu einleikara-, einsöngvara- eða burtfararprófi. Voru þeir sá hluti nemenda sem mest bar á og mestur ljómi stafaði af, ekki hin breiða fylking í háskólanum, heldur efnilegustu og færustu flytjendurnir. Þá þreytti allnokkur hluti nemenda síðastnefnd próf til viðbótar kennaraprófum. Skólinn útskrifaði 297 með einleikara-, einsöngvara- eða burtfararpróf og 251 með tónlistarkennarapróf.

Tónfræðadeild veitti sérmenntun á sviði greina er tengjast skilningi og tökum á innviðum tónlistar, svo sem hljómfræði, kontrapunkti, formfræði, hljóðfærafræði, raf- og tölvutónlist, tónheyrn, tónbókmenntum og hljómsveitarstjórn. Þangað sóttu menntun sína einkum þeir sem hugðust leggja fyrir sig tónsmíðar. Langflestir sem komið hafa fram á sviði tónsköpunar undanfarin 15-20 ár hafa dvalið lengri eða skemmri tíma í tónfræðadeildinni, og bróðurparturinn lauk þaðan prófi. Úr tónfræðadeild útskrifuðust 48.

Tónmenntakennaradeild skólans menntaði tónlistarkennara fyrir grunnskóla landsins, tónmenntakennara. Á rúmlega fjörutíu ára ferli sínum skilaði hún miklu framlagi til íslensks tónlistarlífs. Hafa tónmenntakennarar auk tónlistarkennslu í grunnskólum stundað kennslu í tónlistarskólum og iðkað önnur tónlistarstörf með miklum sóma. TR útskrifaði 208 tónmenntakennara.

Þetta var háskólahluti TR. Í honum var tölulega u.þ.b. helmingur nemenda skólans en umfang háskólastarfseminnar var langt umfram helmingur af starfi skólans, svo fyrirferðarmikið er háskólanám í eðli sínu. Í háskólanum var kennt á átján hljóðfæri auk söngs og tónsmíða. Þessu fylgdu 36 heilsársnámskeið í hinum ýmsu fögum er tengjast tónlistarþjálfun og tónlistarskilningi að viðbættu öllu því er þótti vera nauðsynlegur undirbúningur fyrir tónlistarkennslu.

Framhaldsskólinn hafði að jafnaði rúmt hundrað nemenda. Þangað komu þeir að loknu 4. stigi í hljóðfæraleik eða 2. stigi í söng og lærðu auk sinnar sérgreinar almennar tónfræðigreinar svo sem tónheyrn, hljómfræði, tónlistarsögu og kontrapunkt. Nemendur luku framhaldsskólanum yfirleitt með 7. stigsprófi og tilskildum tónfræðigreinum og áttu þess þá kost að fara í háskólann.

Í skólanum var starfrækt hljómsveit af sinfónískri stærð, blandaður kór, tvær strengjasveitir, blásarasveit auk fjölda minni hljóðfæraflokka og er þá ótalin öll sú starfsemi þegar tveir leika saman.

Árlegir opinberir tónleikar á vegum skólans voru frá 25 og fóru upp í 49 þegar mest lét á síðasta áratug áður en skólinn var klofinn í sundur. Bar þar hæst lokapróf einleikara, en Tónlistarskólinn átti um langt skeið samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands um að einleikara- og einsöngvaraefnin lykju hluta af sínu prófi á opinberum tónleikum með henni. Tónleikar hljómsveitar skólans voru í það minnsta tvennir og kór, strengjasveitir og blásarasveit voru hver með eina eða tvenna tónleika. Þá var og fluttur á vegum skólans mikill fjöldi frumsaminna tónverka nemenda tónfræðadeildar. Auk alls þessa voru ótal tónleikar innan skóla ár hvert.

Tónlistarskólinn gekkst árlega fyrir gestanámskeiðum í hljóðfæraleik og söng og fyrirlestrum um tónfræðileg efni. Langoftast voru fengnir heimskunnir listamenn og kennarar sem leiðbeinendur við slík tækifæri.

TR á besta safn nótna, hljóðritana og bóka um tónlist og tónfræðileg efni sem finnst á Íslandi til almennra útlána og telur safnið um 20.000 titla. Það hefur nýst fyrir nemendur TR og annarra skóla en einnig hefur almenningur getað leitað til þess. Hefur það að mestu leyti orðið til fyrir örlæti velunnara skólans.

Tónlistarskólinn í Reykjavík var einn íslenskra tónlistarskóla aðili að Tónlistarháskólaráði Norðurlanda og Evrópusambandi tónlistarháskóla. Var námið í skólanum byggt upp með hliðsjón af þeirri reynslu sem þar var fyrir hendi. Má í þessu sambandi nefna það fyrirkomulag að hafa saman háskóla og framhaldsskóla, þ.e.a.s. aðfaranám háskólastigs með háskólastiginu. Á þessa skipan leggja margir erlendir háskólar mikla áherslu vegna þeirra miklu kosta sem fylgja sterku sambandi við neðri stigin þegar leggja á grunn að ævistarfi í tónlist. En þessi tilhögun er einkar mikilvæg fyrir hinar smávöxnu íslensku aðstæður, því að hér á landi getur tónlistarháskóli ekki í náinni framtíð orðið svo stór að hann geti haldið uppi starfsemi sem slíkri stofnun er nauðsynleg til að geta staðið undir nafni.

Þörf fyrir háskólamenntað fólk á sviði tónlistar hér á landi er brýnust hvað snertir tónlistarkennslu. Styrkur skipulags TR fólst í fyrsta lagi í því að gera menntun kennara hátt undir höfði og sameina öflugt kennaranám á háskólastigi í hljóðfæraleik, söng og tónmennt sérhæfðu háskólanámi í hljóðfæraleik og söng. Þannig myndaðist álitlegur hópur um háskólanámið allri starfseminni til góða, bekkjakennslu, samspili, samsöng og leik í hljómsveitum. Í öðru lagi fékk skólinn traust og nokkurn frið til að sameina að miklu leyti kvikasta hluta framhaldsstigsins, og þar með þann hluta sem stefnir að háskólanámi í tónlist með sömu góðu áhrifunum fyrir það, sterkari bekkjum ásamt meiri og betri tónlistariðkun í öllum greinum starfseminnar. Í þriðja lagi unnu þessi tvö námsstig saman þar sem tók til leiks í hinum ýmsu hljómsveitum, samleik og samsöng. Öll þessi starfsemi í heild skapar samfélag tónlistarskóla. Gæði skólans velta ekki síst á því að þetta samfélag geti mætt hinum ýmsu þörfum þjálfunarinnar og verður fjölbreytni þeim mun mikilvægari sem ofar kemur í námsstigann.

Ekki eru til nákvæmar tölur um fjölda einstaklinga sem sótt hafa sér tónlistarmenntun til TR frá því skólinn tók til starfa árið 1930. Tölur um árlegan fjölda nemenda gefa þó ástæðu til að ætla að það sé á bilinu sex til átta þúsund persónur. Prófi úr háskóladeildum skólans luku 810. Er ekki neinum blöðum um það að fletta að við Tónlistarskólann hafa flestir af fremstu tónlistarmönnum landsins - kennarar, flytjendur og tónskáld - hlotið grunnmenntun sína og margir lokið sínu fyrsta háskólaprófi. Í þau 74 ár sem skólinn hefur starfað hafa kennarar hans jafnan lagt mikið af mörkum til uppbyggingar tónlistarlífs í landinu. Auk þess að stunda kennslu hafa þeir annast margvíslegan tónlistarflutning, samið tónverk og stuðlað að almenningsfræðslu í fjölmiðlum. Þessu til staðfestingar má nefna að 83% íslenskra hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru fyrrverandi nemendur TR og 80% félaga í Tónskáldafélagi Íslands sömuleiðis. Benda allar líkur til að síst minna hlutfall þeirra vel á sjötta hundrað Íslendinga sem nú stunda hér tónlistarkennslu séu fyrrverandi nemendur stofnunarinnar, svo sem tölur um þá er lokið hafa prófum úr háskóladeildunum bera með sér (um 700 manns hafa atvinnu af tónlistarkennslu á Íslandi; þar af eru um 18% af erlendum uppruna).

Námið í Tónlistarskólanum óx upp í samvinnu skólastjóra, deildastjóra og kennara og hafði skólinn ótvíræða forystu um umbætur á sínu sviði. Nutu aðrir góðs af sporum sem þar voru stigin til framfara. Var þess gætt að skólinn tæki í þjónustu sína vel menntaða tónlistarmenn sem komu heim að loknu námi erlendis. Þannig var tryggt að endurnýjun og úrbætur héldust í hendur við varðveislu og stöðugleika. Á þeim rúmu sjö áratugum sem skólinn á að baki fór Jón Nordal tónskáld með skólastjórn í 33 ár. Mótaðist starfsemin mjög undir viturri forystu hans. Horfði hann ávallt fram á veginn en tók mið af aðstæðum hverju sinni og stýrði svo að til gæfu mætti verða fyrir tónlistarþroska þjóðarinnar. Aldrei var hávaði eða auglýsingaglamur í kringum starfsemi skólans, því síður skrum eða sýndarveruleiki. Skólinn skilaði af látleysi sínu stóra dagsverki og má með sanni segja að hagur tónlistarinnar hafi verið hagur skólans.

Undan þessum giftusamlegu námsháttum þurfti helst að frelsa íslenska tónlistaræsku, þennan öx berandi akur að uppræta. En hvað hefur tekið við?

## Fámenni tónlistardeildar

Í tónlistardeild Listaháskóla Íslands er einungis 61 nemandi á núverandi skólaári. Þetta fámenni er þrátt fyrir að opnaðar hafi verið nýjar námsbrautir, þrátt fyrir að nemendum hafi verið hleypt þar inn með spilakunnáttu sem telst á framhaldsstigi, þrátt fyrir að nemendur séu teknir inn með mun minni tónfræðikunnáttu en var á háskólastigið í TR og þrátt fyrir að einhverjir hafi verið teknir inn án nokkurrar slíkrar þekkingar. Þetta eru 50-60% af þeim fjölda sem var alla jafna í háskólanáminu í TR og svipaður fjöldi og var þar í kennaradeildunum einum sér.
Í LHÍ eru nú sjö í kennaranámi. Verði þetta fámenni í kennaranámi til frambúðar mun taka vel á þriðja hundrað ár að mennta sama fjölda tónlistarkennara og nú eru að störfum á Íslandi.

Sú útgáfa af kennaranámi sem LHÍ býður er í megindráttum rýrð útlegging af þeirri útgáfu sem var í TR. Kennaranemar fá ári skemur að æfa kennslu undir leiðsögn reyndra kennara en var í TR, kennslufræði hvers hljóðfæris er ári styttri og hin almenna kennslufræði er eins árs nám í stað tveggja og ekki sérsniðin að þörfum tónlistarkennara. Skilningsleysi á mikilvægi kennaramenntunar og hringlandaháttur í viðtöku hennar hefur einkennt störf tónlistardeildar LHÍ. Er það hin líklegasta skýring á dræmri aðsókn að kennaranáminu.

Bókasafn LHÍ er á frumstigi. Það er ekkert íhlaupaverk að byggja upp vel grundvallað safn og víðtækt. Munu nemendur LHÍ vafalaust leita um ókomin ár til bókasafns TR sem hingað til.

Kennsluskrá tónlistardeildar lýsir fjölbreyttu og áhugaverðu vali tónfræðanámskeiða. Þó er sá mikli ljóður á að nokkur þau námskeið er töldust til framhaldsnáms í TR - námskeið í undirstöðugreinunum tónheyrn, hljómfræði og kontrapunkti - eru hluti af háskólanámi LHÍ. Þetta jafngildir beinum afslætti af

því sem nemendur þurfa að kunna til að komast á háskólastigið og hefur að sjálfsögðu áhrif á alla meðtöku þekkingar í deildinni og kunnáttustuðulinn að henni endilangri.

Tónlistardeild sem hefur einungis um tuttugu hljóðfæranema og kennir á fáein hljóðfæri getur alls ekki haldið sinfóníska hljómsveit innan sinna banda, heldur ekki blásarasveit og tæplega strengjasveit án þess að leita sífellt út fyrir skólann um aðstoð. Fyrir slíka deild er jafnvel erfitt að flytja flest þau dýrðarverk sem teljast til stofutónlistar Vesturlanda. Ekki er heldur að vænta mikils kórstarfs í svo fámennum skóla og er fráleitt að hann geti óstuddur staðið fyrir flutningi nokkurra stærri kórverka, jafnvel ekki minni heldur. Og samt hefur kórsöngur verið talinn einn nauðsynlegasti þáttur tónlistarháskóla. Þessi staða tónlistardeildar er afar bagaleg og stór afturför frá því sem var í TR. Samleikur í hljómsveit og minni flokkum er ein sú hollasta næring sem tónlistarskóli getur veitt. Svo er einnig um kórsöng. Fátækt sem þessari fylgir skólabragur sem hlýtur að vera allt annað en æskilegur.

Þegar tónlistardeild LHÍ gengst fyrir flutningi stærri tónverka er leitað til annarra skóla til að bæta úr þeim mikla skorti sem þar er. Má ýkjulaust segja að um helmingur hljóðfæraleikara við þau tækifæri sé nemendur TR. Jafnvel hefur borið við að nær allir hljóðfæraleikararnir hafi verið úr þeirri stofnun. Að sjálfsögðu fara þessir atburðir fram undir merkjum LHÍ. En er furða þótt þeir sem til þekkja spyrji sig til hvers TR hafi verið klofinn eða hvorum megin háskólinn sé þá stundina. Nemendurnir að miklu leyti úr TR, stjórnendur og kennarar báðum megin, en peningarnir heita Listaháskóli Íslands.

Ennþá er starfrækt sinfónísk nemendahljómsveit við Tónlistarskólann í Reykjavík og er hann eini tónlistarskólinn hér á landi sem hefur til þess efnivið. En vissulega hefur þessi merka starfsemi sett niður við aðskilnað framhalds- og háskólastigsins og er það mikill skaði.

## Hinir smáu íslensku staðhættir

Það er oft haft á orði að bekkir í skóla megi ekki vera of stórir. Það stendur heima. Þeir geta hæglega orðið of stórir og fer það eftir eðli námsins og aldri og þroska nemenda hvenær farið er yfir kjörstærð. Hitt er svo annað mál að þeir geta líka orðið of litlir, farið niður fyrir ákjósanlegustu stærð. Þá myndast ekki sú góðkynjaða innri spenna og heilbrigt kapp sem örvar nemendur og eflir til dáða. TR mátti ekki minni vera til þess að skólastarfið - hljómsveit, hljóðfæraflokkar, samleikur, og ekki síður bekkjakennslan - héldi krafti sínum. Þó voru þar á bilinu 100-120 manns í háskólanámi og annað eins á framhaldsskólastigi. Í tápmiklum tónlistarháskóla býr afar margbrotin starfsemi sem byggist að stórum hluta á því að nemendur sér virkjaðir til samvinnu undir leiðsögn reyndra listamanna. Það liggur í augum uppi að tónlistarháskóli með einungis 61nemanda og þar af ekki nema um tuttugu í hljóðfæranámi er pínlega mjósleginn og öldungis ófær um að uppfylla þær kröfur sem gera verður til slíkrar stofnunar.
Þá er og annar veikleiki sem leiðir af forsendum tónlistardeildar LHÍ. Þar sem fáir tónlistarnemar á Íslandi öllu komast á háskólastig verður skóli sem einskorðar sig við þann áfanga ávallt fremur lítill í hinum smáu staðháttum. Því er sú freisting fyrir hendi að hleypa nemum of snemma í háskólanámið til þess einvörðungu að halda því gangandi, til þess að einhver sé þar yfirleitt. Þessi tilhneiging er mun síður fyrir hendi þegar skólinn er stærri; þá er engin hætta á að hann verði neyðarlega mannfár eða allt að því hverfi séu deildir lítt sóttar eða jafnvel lokaðar tímabundið. Við núverandi aðstæður seilist LHÍ inn á framhaldsskólastigið til að bólstra nemendafjölda. Hefði verið ólíkt hreinna og beinna að taka það hlutverk einfaldlega að sér líka, hafa framhaldsdeild áfasta við háskólann, enda samvera þessara tveggja námsstiga með alla burði yfir núverandi fyrirkomulag. Slík sambúð átti að vera ein meginforsenda LHÍ svo vel sem hún hafði gefist í TR. Við hinar íslensku aðstæður er það eina leiðin til að reka háskólanám af skynsemi.

Hafa ber í huga að framhaldsstigið er afar breitt eins og önnur skólastig. Sem eðlilegt er skilur mjög mikið að þá nemendur sem á þessu stigi eru. Í því sambandi má nefna aldur, hæfileika, ástundun og ekki síst markmið með tónlistarnáminu. Það er því beinlínis rangt að láta svo sem að

tónlistarnemendur á framhaldsstigi standi allir í svipuðum sporum og að þeim sé alls staðar jafn vel borgið, að allir skólar geti sinnt þörfum allra nemenda jafn vel. Að sama skapi er óskynsamlegt að stefna að því að allir tónlistarskólar, eða margir, sinni framhaldsstiginu á jafnan og líkan hátt. Slík stefna mun einungis leiða til þess að enginn geti sinnt þessu stigi svo vel sem þeir nemendur eiga skilið sem setja markið hæst. Að auki verður það ólíkt kostnaðarsamara að reka metnaðarfullt framhaldsnám í örsmáum einingum víða; mun það ennfremur aldrei skila sama faglega árangri sakir annmarka smæðarinnar. Tónlistarnám er þess eðlis að úrslitum ræður að sá sem hyggst ná langt í listinni fái allra bestu aðstæður til að þroskast þegar kallið kemur, helst frá unga aldri. Á þetta ekki síst við um hljóðfæraleik. Það er því mikils misst verði ekki hægt að unna neinum að gegna hinu mikilvæga hlutverki framhaldsskóla í tónlist, þótt slíkur skóli megi að sjálfsögðu ekki koma í veg fyrir að aðrir skólar kenni á framhaldsstigi. Hlutverki framhaldsskóla af þessum toga hefur TR gegnt auk þess sem hann var háskóli. Þangað hafa lagt leið sína flestir þeir nemendur sem vildu af alvöru og eljusemi verja miklum tíma til tónlistarinnar og gangast undir meira og strangara nám en annars staðar gerðist. Ekki sakar að minna á, að samtímis því sem TR sameinaði framhalds- og háskólastigið, þá döfnuðu og þroskuðust aðrir íslenskir tónlistarskólar ört. TR kom sem sé ekki í veg fyrir framfarir hjá þeim. Þvert á móti sá hann þeim fyrir sífellt betur menntuðum kennurum og var öðrum skólum í mörgu til fyrirmyndar um kennsluhætti. Öllum kemur til góða að framhalds- og háskólastigið sé í þeim farvegi sem skilar tónlistinni mestu; viðgang almennra tónlistarskóla mun það allra síst hefta að hér sé kröftugur framhalds- og háskóli í greininni, heldur efla þá sem fyrr, enda samvinna og aðstoð við hina almennu tónlistarskóla ein af skyldum slíkrar stofnunar.

Frá því að tónlistardeild LHÍ tók til starfa hefur TR staðið á krossgötum. Háskólaárgangarnir hafa horfið einn af öðrum úr TR og var útskrift þeirra að mestu lokið í vor er leið. Jafnframt hafa háskólanámskeiðin verið lögð niður hvert af öðru. Með nemendunum hafa horfið þeir fjármunir sem nýst hafa háskólastiginu en einnig framhaldsstiginu. Komu þeir bæði frá Reykjavíkurborg og frá ríkinu. Haustið 2003 hrifsaði borgin mikla fjármuni af skólanum. Eins og ljóst mun vera af fréttum frá þeim tíma er skólinn í uppnámi eftir það reiðarslag og þar með sá sérstaki og mikilvægi hluti framhaldsstigsins sem þar hefur átt sinn helsta vettvang í landinu. Er með ólíkindum að stofnun sem fóstrað hefur flesta helstu tónlistarmenn þjóðarinnar að meira eða minna leyti í hálfan áttunda áratug skuli ítrekað sæta slíkri meðferð. Að störfum er nefnd á vegum ríkis og sveitarfélaga sem móta á reglur um stöðu framhaldsskólastigsins og fjárhagslegan stuðning við það. Undirritaður óttast að ekki fáist afdráttarlaus stuðningur við að gefa framhaldsstiginu fastan sess, eins konar þyngdarmiðju, og halda þann sess af myndarskap. Væri það vondur afleikur, ekki síst í ljósi þess sem á undan er gengið. Og tónlistin tapar.

## Höfuðvitleysa

Höfuðvitleysan í þessu máli var að taka ekki TR eins og hann lagði sig inn í LHÍ. Þá hefði verið hægt að halda sömu kröfum fyrir háskólastigið, framhaldsskólinn verið áfastur, kennaranámið ekki hrunið saman og skólinn þannig orðið stærri og fjölbreyttari og þjónað sínu hlutverki betur. Leikur einn hefði verið að bæta við þeim námskeiðum sem ný eru í LHÍ.
Aldrei hafa verið færð nein rök fyrir því að ástæða hafi verið til að sniðganga TR við stofnun Tónlistardeildar LHÍ, hvað þá að fyrir því væru færð rök sem vægju svo þungt að eftir þeim bæri að fara. En hafi verið ástæða til að útiloka TR, þá var önnur stórvitleysa að stofna tónlistarháskóla án þess að hafa áfasta framhaldsdeild við háskóladeildina. Það er hinn versti dragbítur og mun eflaust koma að því fyrr eða síðar að tónlistardeild LHÍ æski þess að fá slíka fornámsdeild.

Fari svo að enginn skóli verði gerður að setri framhaldsstigsins, þá er það enn önnur stórvitleysan í fræðslumálum tónlistar í landinu.

## Útilokun TR úr Listaháskóla

Um áratuga skeið lögðu skólastjórar TR að stjórnvöldum að skólinn yrði gerður að ríkisskóla og að háskólanámið hlyti fullgildingu. Var það stutt þeim rökum að skólinn hefði til þess alla burði: að kennarar skólans væru mjög vel menntaðir og hefðu marghåttaða reynslu í list sinni, bæði heima og erlendis; að nýútskrifaðir nemendur skólans hlytu fullt eða hátt mat til háskólanáms á framhaldsstigi við erlenda háskóla og stæðu sig almennt afar vel, hvort heldur væri sem háskólanemendur erlendis eða sem tónlistarmenn og kennarar heima; að skólinn hefði skilað þeim skerfi til samfélagsins að þetta hlyti að teljast eðlilegt. Að baki þessari beiðni bjó draumur um svigrúm til að geta gert enn betur: að hægt væri að styrkja námið enn frekar og auka fjölbreytni þess; að íslenskir tónlistarnemar á framhalds- og háskólastigi fengju nám sitt á sömu kjörum og aðrir íslenskir námsmenn fengju sambærilegt nám; að skólinn fengi húsnæði sem hentaði starfseminni; að kennarar fengju umbun fyrir störf sín til jafns við aðra framhalds- og háskólakennara og að háskólaprófin frá skólanum fengju fulla viðurkenningu ríkisins. Það leikur vafi á að nokkrar af þessum hugsjónum hafi náð fram að ganga utan ein, að viðurkenning ríkisins hefur fengist á því að í landinu eru próf sem teljast fullgildar háskólagráður í tónlist.
Oftar en einu sinni voru lög um skólann albúin þess að fara fyrir Alþingi, en öfl úr ýmsum áttum, helst innan úr stéttinni, lögðust gegn þeim og ferlið stöðvaðist.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands og Leiklistarskóli Íslands voru í lok níunda áratugarins í svipuðum sporum og TR að leita eftir viðurkenningu ríkisins á háskólakennslu sinni og þátttöku ríkisins í eflingu hennar. Þessir þrír skólar tóku höndum saman og hófu viðræður við ríkið um framgang málsins. Þær viðræður leiddu til stofnunar LHÍ. Eftir að stofnskrá LHÍ hafði verið samþykkt og rektor ráðinn að stofnuninni var TR útilokaður sem beinn stofnaðili, en Myndlistaskólinn og Leiklistarskólinn hurfu inn í LHÍ. Það var mjög ómaklegt og óverðskuldað að sá skóli sem lengst hafði átt viðræður við ríkið um háskólastigið, elsti listaskóli landsins, skyldi leikinn svo grátt. Stóð hann þó fyllilega jafnfætis Myndlistaskólanum og Leiklistarskólanum. Þó er öllu verra að sú ákvörðun að skilja að framhalds- og háskólanám í tónlist skyldi færa hvor tveggju námsstigin til verri vegar og hið síðarnefnda niður um nokkur þrep í leiðinni. Skólarnir báðir, LHÍ og TR, líða mikið fyrir þessa ráðstöfun og þeir mest sem síst skyldi: nemendur sem sækja háskóla- og framhaldsnám nú og um komandi framtíð.

Á neikvæðar afleiðingar aðskilnaðar þessara tveggja námsstiga, auk ýmiss annars er betur þótti mega fara í skipulagi tónlistardeildar LHÍ, var bent áður en deildin tók til starfa. Menn létu þá gagnrýni sem vind um eyrun þjóta. Nú ætti að vera öllum ljóst, sem á annað borð vilja af því vita, að hin nýja tilhögun jafnast engan veginn á við þá sem fyrir var.

## Ekki er um seinan

Enn eru öll sund opin. Ekki má una við að smávaxin og lítils megnug háskóladeild hokri þetta ein og sér. Það má heldur ekki gerast að framhaldsstigið fái enga þyngdarmiðju, ekkert fast setur, og það verði deyft út með því að dreifa því til jafns um allar jarðir. Langbesti kosturinn í stöðunni er að láta TR ganga inn í LHÍ og þar verði höfuðstaður framhalds- og háskólanáms í tónlist í landinu. Það mun hámarka hagkvæmni og árangur kennslu á þessu sviði. Næstbesti kosturinn, en mun síðri, er að gera TR að ríkiskostuðum framhaldsskóla án allra heimskulegra takmarkana, svo sem þeirri að nemendur verði að vera á framhaldsskólaaldri eða ganga í framhaldsskóla til þess að stunda framhaldsnám í tónlist. Aðgangur að slíku námi á að hlíta kröfum tónlistarinnar eingöngu og standa öllum til boða á sömu kjörum sem standast þær kröfur.
Samhliða stofnun fornámsdeildar við tónlistardeild LHÍ ætti að gera hið ýtrasta til að efla og breikka námið í háskóladeildinni. Til viðbótar við það sem áður hefur verið drepið á má nefna hið augljósa, þ.e. að leita eigi leiða til að gera það fýsilegt fyrir Söngskólann í Reykjavík að ganga inn í LHÍ og með sama hætti eigi ritmísk tónlist og spunatónlist eindregið að fá þar sitt verkstæði.

Miðað við núverandi forsendur LHÍ mun sá skóli alls ekki geta staðist erlendum skólum snúning vegna fæðar nemenda, fábreytni og þróttleysis sem af smæðinni hlýst. Þá ýta núverandi forsendur LHÍ undir

það að skólinn seilist inn á framhaldsskólastigið til að auka nemendafjölda. Er afar sárt til þess að hugsa að loksins þegar stofnaður er tónlistarskóli með forskeytinu "há" hér á landi þá skuli hann grundvallaður á forsendum sem geri honum nauðsynlegt til þrifnaðar að færa inntökukröfur á háskólastigið niður frá því sem áður var. Slíkur afsláttur jafngildir lækkun á námsstaðli á landinu. Afstaða og skilyrði þess aðilja er stjórnar háskólanáminu leiðir beint út og hefur áhrif á landsvísu. Sé slakað á kröfum eru það skilaboð um að skólarnir á neðri stigum þurfi síður að standa sig, að háskólinn geti tekið af þeim ómakið. Tónlistarmenntun er afar ung á Íslandi; þótt Íslendingar hafi gert margt gott á þeim vettvangi á undanförnum áratugum fer því fjarri að þeir standi svo hátt að þeim beri ekki að bæta sig og gera gott betra.

Undirrituðum hefur orðið nokkuð langrætt um þau miklu og margháttuðu spjöll er hann telur hafa orðið er háskólanám var klofið frá framhaldsnámi í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Ekki er hann þar með að segja að ekkert gott muni leiða af tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Þaðan mun mest góðu stafa. En það er ekki vegna þess að vel og viturlega hafi verið stofnað til deildarinnar, heldur vegna þess að þar eru prýðilegir kennarar að kenna efnilegu fólki kröfuhart og göfugt fag. Aftur á móti er það miklum mun minna gott en hefði verið, ef hugsjónir þeirra sem unnu að framgangi listaháskólamálsins hefðu fengið ráðrúm, og glatað tækifæri er það til glæstrar uppbyggingar tónlistardeildar LHÍ, öllu tónlistarlífi Íslands til heilla, nema til komi breytt stefna.

Nú verða allir sem láta sér annt um viðgang tónlistarinnar að leggjast á eitt um að þessi mál fái farsæla lausn. Ábyrgð valdhafa og áhrifamanna er mikil. Þetta á líka við um þá mörgu ágætu kennara er léð hafa tónlistardeild LHÍ krafta sína og þar með stutt núverandi námstilhögun. Án þátttöku þeirra hefði þessi skipan ekki komist á og án þeirra verður henni ekki viðhaldið. Láti þeir ekki til sín taka með afgerandi hætti, verji þeir ekki uppeldisstöðvar tónlistarinnar, hverjum er þá til að dreifa? Framganga þeirra getur skipt sköpum.

*Guðmundur Hafsteinsson fjallar um málefni Tónlistarskóla Reykjavíkur*